

# Kaldrananeshreppur.

Atvinnuvegarráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Drangnesi 17. mars 2025

## Erindi : Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2024/2025.

Kaldrananeshreppur sækir hér með um að eftirfarandi sérreglur við reglugerð um byggðarkvóta, gildi fyrir úthlutun byggðakvóta til útgerða í Kaldrananeshreppi.

Á sveitarstjórnarfundum þann 29. janúar 2025 er bókaður vilji að sama fyrirkomulag verði í gildi og eins og undanfarin ár.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að nýliðum sé gert kleift að tryggja rekstrargrundvöll sinn með því að skipta hluta aflaheimildina á báta og slík nálgun skapi meiri sátt um ráðstöfun aflaheimilda í byggðarlaginu en ef almenna reglugerðin væri notuð.


sbr. sérregla sem áður hafa verið í gildi í Kaldrananeshreppi. (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda).

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftiraf úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 30% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum á Drangnesi á fiskveiðiarinu 2024/2025 og 70% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til Drangness, miðað við allan landaðan botnfiskafla á Drangnesi í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa á Drangnesi þeim afla sem telja á til byggðakvóta Drangness og til vinnslu innan Drangness á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

Virðingarfyllt

Fh Kaldrananeshrepps

  
Finnur Ólafsson, Oddviti